

Ed.

564. Breytingartillögur

[20. mál]

við frv. til l. um loftferðir.

Frá Páli Þorsteinssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

1. Við 52. gr.

a. Niðurlag 3. mgr. frá orðinu „hann“ orðist svo: fengið aðvörðun um það, áður en vakttíma hans lýkur, að ástæða sé til að ætla, að opinber rannsókn verði hafin um atferli hans við starfann.

b. 4. mgr. orðist svo:

Þyki ástæða til að ætla, að flugverji hafi brotið ákvæði 1. mgr. þessarar greinar, er lögreglumönnum heimilt að færa hann til læknis til rannsóknar. Verði flugverja tekið blóð, skal honum ekki heimilt að hefja flug næstu 12 klst. á eftir, þó að rannsókn vegna meints brots á 1. mgr. þessarar greinar leiði í ljós, að hann sé ekki sekur.

2. Á eftir 53. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Hámarkstími, sem flugverji má starfa um borð í loftfari hverju sinni, skal vera sem hér segir:

1 flugmaður í áhöfn	12 klst.
2 flugmenn í áhöfn	14 —
2 flugmenn o. fl.	16 —
3 flugmenn o. fl.	24 —

Vari flug lengur en 16 klst., skulu a. m. k. tveir flugmannanna hafa flugstjóraréttindi og vera hvíla um borð fyrir einn flugmann.

Sé flugvélastjóri í áhöfn og flug varir lengur en 16 klst., skal honum séð fyrir hvílu.

Flugverja er óheimilt að fljúga fleiri flugstundir en 125 á hverjum 30 dögum.

Lágmarkshvildartími flugverja skal vera sem hér segir:

Eftir 10 klst. flug	10 klst. hvíld.
11—12 — —	12 — —
12—13 — —	13 — —
13—14 — —	14 — —
14—15 — —	15 — —
15—16 — —	16 — —
16—17 — —	18 — —
17—18 — —	20 — —
18—19 — —	22 — —
19—20 — —	24 — —
20—21 — —	26 — —
21—22 — —	28 — —
22—23 — —	30 — —
23—24 — —	32 — —

Sá tími, sem nær ekki 7 klst., telst ekki hvíldartími.

Vaktími flugverja skal að hámarki vera þannig:

1—2 flugmenn	18 klst.
2 flugmenn o. fl.	20 —
3 flugmenn o. fl.	28 —

3. Fyrirsögn á undan 141. gr. hljóði svo:
Um loftferðadómstól og rannsókn á flugslysum.
4. 141. gr. orðist svo:
Skipaður skal loftferðadómstóll. Dómsmálaráðherra skipar menn í dóminn.
Skal dómurinn skipaður til 4 ára í senn. Formaður dómsins og varaformaður skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.
Auk formanns og varaformanns skulu skipaðir í loftferðadómstólinn 5 menn, sem hafa sérþekkingu á starfsgreinum í flugi og flugmálefnum.
Við dómstörf skulu 2 hinna sérfróðu manna starfa með formanni dómsins, og skal við val þeirra tekið tillit til þess, hvert verkefnið er og hvernar sérþekkingar helzt er þörf.
5. Á eftir 141. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Verkefni loftferðadómstóls eru:
 1. Að rannsaka og dæma í málum vegna flugslysa.
 2. Að rannsaka og dæma mál, þar sem ástæða þykir að ætla, að flugslys hafi legið nærri; einnig ef alvarleg bilun hefur komið fram á loftfari eða ástæða er til að ætla, að flugmannvirkjum á jörðu eða rekstri þeirra sé eða hafi verið áfátt til muna.
6. 144. gr. orðist svo:
Loftferðadómstóll hefur yfirstjórn rannsóknar vegna flugslyss.
Dómstólnum er heimilt að fela starfsmönnum flugmálastjórnarinnar að aðstoða við rannsókn á flugslysi, og skal að öðru jöfnu fela þeim það, nema ástæða sé til að ætla, að rekja megi flugslys til yfirsjónar hjá starfsmanni flugmálastjórnarinnar eða bilana í tækjum og mannvirkjum, sem flugmálastjórnin sér um rekstur á.

Krefja má lögreglu til aðstoðar við rannsóknina, eftir því sem þurfa þykir. Þeir, sem að rannsókn starfa, skulu jafnan eiga frjálstan aðgang að slysstað. Eiganda loftfars, umráðanda og öðrum, sem hlut eiga að máli, skal kynna það, sem rannsókn leiðir í ljós, og leyfa að vera viðstaddir rannsóknina, nema loftferðadómstóll ákveði annað.

7. 145. gr. orðist svo:

Þegar rannsókn er lokið, skal loftferðadómstóll senda flugmálaráðherra, saksóknara og dómsmálaráðherra skýrslu um niðurstöðu rannsóknar. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins, auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir, sem gera má til þess að afstýra áframhaldandi slysum af sömu eða líkum orsökum.

Saksóknari ákveður síðan, hvort mál skuli höfðað.